

Nefndasvið Alþingis, vegna félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 26. nóvember 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Efnahags- og skattanefndar Alþingis
vegna þingskjals nr. 217, 200. máls, 139. löggjafarþingi, 2010-2011.
Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum.**

Almennt:

Frumvarpið fjallar um fjölmargar breytingar á ýmsum hlutföllum og fjárhæðum í 15 lögum um; tekjuskatt, fjármagnstekjur, skatt á kaupskipaútgætur, erfðafjárskatt, gjöld á áfengi og tóbak, umhverfis- og auðlindaskatta, skyldutryggingu lífeyrissjóða, ollu- og kílómetragjald, vörugjöld af ökutækjum og eldsneyti, Ríkisútvarpið ohf., vitamál, málefni aldraðra, sóknargjöld, stöðu og stjórn þjóðkirkjunnar og almannatryggingar.

Ríkisstjórnin hefur boðað blandaða leið til að mæta miklum halla á ríkissjóði; að hækka tekjur og lækka útgjöld, samkvæmt 3. ári aðgerðaráætlunar í samráði við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn. Hér er höfuðáhersla á niðurskurð útgjalda, sem kemur hér fram í skerðingu bóta. Á tekjuhlíð eru ekki breytingar á tekju- eða virðisaukaskatti og tryggingagjaldi, en eigna-, erfða- og fjármagnstekjuskattar hækkaðir. Frumvarpið boðar víðtækar skattahækkunar ýmissa skattflokka um 4-100% á heimili og fyrirtæki í landinu á meðan að bætur standa í stað eða sæta frekari skerðingum til lækkunar. Gert er ráð fyrir að auka frekar heimildir til úttektar séreignarlífeyrissparnaðar, svo heimilin ráði betur við að ná endum saman og samtímis eykur tekjur ríkissjóðs vegna skattahluta útgreidds sparnaðar. Ekki er gert ráð fyrir að bætur úr almannatryggingakerfinu verði hækkaðar 2011.

Samtökin viðurkenna að vegna mikils umfangs breytinga í frumvarpinu hafa þau í þessari umsagnarvinnu hvorki tíma né forsendur til að meta hagstærðir eða aðrar þjóðhagslegar afleiðingar þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Hér er hins vegar horft almennt til frumvarpsins og nokkurra afmarkaðra þátta sem frumvarpið og undirliggjandi lög snerta, sérstaklega er varða heimilin beint, þó allar skattahækkunar skili sér á endanum út í verðlag eða sem beinar álögur á heimilin. Vegna mikils skulda- og greiðsluvanda heimilanna er ítrekuð þörf fyrir að setja þak á verðbætur verðtryggðra lána, þar sem verðlagshækkunar bæði minnka ráðstöfunartekjur og hækka skuldir heimila með verðtryggð lán. Ekki er vísað sérstaklega til einstakra greina, þótt fjallað sé um afmörkuð atriði.

Samtökin telja brýna þörf á heildrænni endurskoðun á lánakerfinu, verðtryggingu fjárskuldbindinga, lífeyrissjóðakerfinu til einföldunar, jöfnunar lífeyrisréttinda, lækkunar ávöxtunarkröfu sjóðanna, afnámi ríkisábyrgðar lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna og endurskoða tengsl lífeyriskerfisins við almannatryggingakerfið. Núverandi kerfi er talið ógna hagkerfinu verulega bæði til skemmri og lengri tíma. Því er þörf á gagngerri endurskoðun þessara þátta tafarlaust til að endurmeta skattkerfið og þær álögur sem eru að sliga heimili og fyrirtæki landsins, sem þar með draga úr opinberum tekjum.

Almenn afstaða Hagsmunasamtaka heimilanna er að neikvætt er að þurfa að hækka skatta, þar sem það hægir á veltu og fjárfestingu í hagkerfinu, auknar álögur lækka atvinnustigið og mynda verðbólguþrýsting vegna stöðugar rýrnunar á kaupmætti. Það eru óumdeilt að aukin skattheimta eykur ekki veltu né tekjur þeirra sem greiða skattana. Bæði þarf að lækka útgjöld (fjármagnskostnað og álögur) og skuldir heimila og fyrirtækja, auk þess að auka þarf ráðstöfunartekjur heimila og fyrirtækja til að auka

getu þeirra til aukinnar veltu og umsvifa, og þannig auka atvinnuþátttöku í þjóðfélaginu til að lækka útgjöld og auka tekjur hins opinbera.

Bein rýrnun ráðstöfunartekna heimilanna vegna þessa frumvarps um 8,7 milljarða kr. inn í þá stöðu að um 40% heimila ráða vart við mánaðarlega framfærslu telst harkaleg aðför að fjárræði heimilanna í landinu. Alls er gert ráð fyrir að ráðstöfunartekjur heimilanna rýrni um 30 milljarða kr. á næsta ári, sem telja má auka hættu á frekari landflotta verulega. Þar munum við missa verðmætasta fólkið úr landi, vel menntað fólk með börn á framfæri. Skv. nýlegri könnun FSSA kom í ljós að fyrir hverja 4000 einstaklinga sem við missum úr landi seinkum við þörf fyrir frekari uppbyggingu og fjárfestingu í íbúðarhúsnæði um 1 ár. Á þessu áru er nettó brottflutningur 4835 manns. Stjórnvöld eru hvött til að endurskoða alvarlega afstöðu sína til almennra leiðréttinga og þeirra viðtæku jákvæðu áhrifa sem þær hefðu á hagkerfið og þar með bæði útgjöld og tekjur ríkisins.

Nánari umfjöllun um breytingar einstakra laga:

Barnabætur, bent er á að barnabætur hérlendis eru mjög litlar fyrir. Frekari skerðing (50% hækkun skerðingar l.barns) án þess að hækka grunninn virkar af tvöföldum þunga til skerðingar ráðstöfunartekjna, vegna verðbólgu.

Gerðar eru athugasemdir við **lækkun vaxta- og barnabóta og auknar tekjutengingar**. Skerðing kaupmáttar virðist sívaxandi, sérstaklega á millistétt, en ekki endilega þá sem minnst eiga.

Með sanni má taka undir að það sé þjóðarskömm að fólk þurfi að standa í biðröðum til að hafa/fá að borða. Þessar aðgerðir eru ekki til að draga úr þeirri þróun. Falla ætti frá þessari skerðingu og hækka efri mörk skerðingar tekna í 600.000kr á mánuði vegna griðarlegra verðlagshækkana og kaupmáttarrýrnunar. Þessi skilaboð skattkerfisins eru mjög neikvæð til barnafjölskyldna.

Vaxtabætur þurfa að taka tillit til fjölskyldustærðar, þar með talið barnafjölda, líka hjá hjónum, ekki bara einhleypum. Tekið er undir að það sé eðlileg breyting (4. grein frumvarps) að vaxtabætur miðist við greidda vexti, en ekki gjaldfallna en ógreidda vexti. Það er virðingarröttur að innlánsvextir lánataka gengistryggðra bílalána teljist ekki til fjármagnstekna 2010 og 2011. Þarna er ríkið þó að taka á sig tekjuskurðingu vegna ólöglegra lána fjármálafyrirtækja og taka af þeim kostnað við leiðréttingu. Það sama má segja um þau lán heimilanna sem mynda stofn til vaxtabóta. Leiðrétting slíkra lána myndi kalla á verulega lækkun vaxtabótageiðsla og auka þar með svigrúm ríkissjóðs.

En þess verður að gæta að vaxtabæturnar greiðist þá af viðkomandi vöxtum, þegar þeir eru eða verða greiddir þótt á öðru skattári sé. Við svona breytingu er spurning hvað gerist, ef slíkir gjaldfallnir en ógreiddir vextir eru við skuldbreytingu teknir og bætt við höfuðstól lánsins, til hækkunar hans. Ættu slíkir vextir að koma til vaxtabótauppgjörs eða falla þeir þá dauðir niður gagnvart vaxtabótarétti?

Því er alfarið hafnað að ríkisvæða hrunkostnað fjármálafyrirtækja í gegnum vaxtabótakerfið, með sérstökum ívilnunum til "hinna verst settu". Leiðréttingu höfuðstóls lána vegna skuldaaðlögunar eiga fjármálafyrirtækin að taka á sig og slíka leiðréttingu á ekki að skattleggja. Bætur miðist þá við greiðslur afborgana leiðréttis höfuðstóls.

Fæðingarorlof, skerðing um 1 ma kr. eru mjög neikvæð skattaleg skilaboð til heimila landsins. Spurning er hvort ungar fjölskyldur hafa ráð á barneignum vegna tekjumissis á 1.ári barns. Vilja stjórnvöld færri fæðingar í landinu?

Almannatryggingabætur, óbreytt krónutala bóta til fatlaðra, eldri, atvinnulausra og sjúkra eru bein kjararýrnun í hækkandi verðlagi og ekki hafa þessir almennt hópar sjóði til að vege slíkt upp. Þessi niðurstaða mun varla stytta biðraðir eftir mat hjá hjálparsamtökum. Þessi aðgerð mun líklega auka á vanda fleiri, sem munu falla í þennan hóp að óbreyttri stefnu stjórnvalda í skuldamállum heimilanna.

Húsnæðisbótakerfi eða eðlilegir vextir?

Húsnæðisbætur, húsaleigubætur og vaxtabætur, eru samkrull ríkis og sveitarfélaga. Ríkið eitt er með greiðslu vaxtabóta (enda nýtur það fjármagnstekjuskattsins). Sveitarfélögin eru með greiðslu húsaleigubóta, með greiðsluhlutdeild frá ríkinu. Ríkið hefur sett sveitarfélögum skilyrði í þessu sambandi en stendur svo ekki að fullu við sína greiðsluhlutdeild.

Samtökin leggja til að vaxtabætur vegna lögheimiliskaupa eða húsaleigu lögheimilis, verði endurskoðuð í heild í umsjón ríkisins, vegna vaxtabótanna. Að mati samtakanna væri niðurstaðan þá að koma á **húsnæðisbótakerfi**, í stað þessara tveggja ólíku/aðskildu kerfa nú, að fyrirmynd norrænna landa.

Þess utan þarf að skapa skilyrði til að **vextir**, hverju nafni sem nefnast, **verði eðlilegri**.

Það mætti þá líka allt eins hugsa sér öll íbúðalán óverðtryggð og með þaki á vöxtum, jafnvel þótt íbúðalánasjóður og aðrir lánveitendur sem sæktu í að lána íbúðalán væru í raun að niðurgreiða vextina - eins og viðurkennd stefna er sögð vera í Danmörku. Þar sé talið eðlilegt og viðurkennt, að vextir geti verið lægri en verðbólga, út frá mikilvægi þess að fólk geti komi sér upp íbúðarhúsnæði sem lögheimili, með eignamyndun - en ekki eignaryrnum eins og Íslendingar búa iðulega við vegna verðtryggingar, auk hárra vaxta.

Auðlegðarskattur, tekið er undir tímabundna þörf fyrir slíkum skatti á verulegar eignir til jöfnunar misvægis í eigna- og skuldastöðu í samfélaginu. Þó er bent á að hættulegt er að líta á slíkan skatt sem hluta af fjármagnstekjum, þar sem slíkur skattur er greiddur af lausafé, en hér á að skattleggja fastar og hreinar eignir, sem kann að kalla á sölu þeirra til að standa undir skattinum. Lögð er áhersla á að þessi skattur verði tímabundinn og skilgreindur við skýr mörk til afnáms að nýju.

Kjör lífeyrisþega þarf að verja, en óbreyttar krónutölugreiðslur til þeirra í hækkanði verðlagi er ekki hægt að líta á sem sömu greiðslu milli ára, heldur minni greiðslur. Fólk í þessum aðstæðum hefur lítill ráð til að bæta sjálfstætt úr eigin stöðu. Endurskoða þarf skerðandi áhrif lífeyris og bóta almannatryggingakerfisins við tekjur, sem hvetja þennan hóp samfélagsins til undanskota og þátttöku í svarta hagkerfinu, þar sem allar tekjur, ss. fjármagnstekjur og leigutekjur skerða bætur. Setja þarf inn grunn fyrir réttindi vegna líkamsástands og áunninna réttinda, sem skerðast ekki vegna auka tekna, enda greiðist af þeim eðlilegir skattar, til hagsbóta fyrir samneysluna.

Skattahækkanir sem hækka verðlag. Samtökin vilja koma skýrt á framfæri, að óþolandi er að skattahækkanir sem hafa áhrif á verðlag hækki höfuðstól og greiðslubyrði verðtryggðra lána með sjálfvirkum hætti í gegnum vísitölu neysluverðs. Jafnframt fullyrða samtökin að óheft verðtrygging neytendalána almennt, sé á engan hátt boðleg gagnvart neytendum, enda ekki tíðkuð sem slík í samanburðar- og samkeppnislöndum okkar.

Með óbreyttu kerfi og þessu frumvarpi, mun verða nokkurra milljarða eignatilfærsla frá lántökum til lánveitenda, án þess að hvorugur hópurinn hafi gert neitt til þess, heldur bara ríkið með skattabreytingum. Opinber nefnd er nú við störf, samkvæmt þingsályktun frá 16. júní 2010, sem hefur meðal annars það hlutverk að skoða forsendur verðtryggingar og leggja fram **tillögur um að draga úr vægi verðtryggingar** án þess að ógna fjármálalegum stöðugleika. (Reyndar má spyrja, í gríni og alvöru, - hvaða stöðugleika?)

Útgreiðsla séreignarsparnaðar er mjög umdeild og varhugaverð.

Almenn leiðrétting lögheimilislána hefur mætt mikilli andstöðu lífeyrissjóðanna og launþegahreyfingarinnar sem telja að slík aðgerð ógni sjóðunum og skerði réttindi lífeyrisþega. Á það er þó bent á að lífeyrissjóðirnir eru óskattlagt fé að verulegum hluta og mest innan samtryggingarhlutans. Samt velur löggjafinn hér til að hækka skatta og ganga af auknum mæli á persónubundinn lífeyrissparnað fólks, ætlaðan til ævikvöldsins. Sparnað sem er bæði erfanlegur og varin eign við gjaldþrot. Hér er lagt til veruleg aukin heimild til ótímabærrar úttektar á séreignarlífeyrissparnaði upp að 5,0 m.kr., sem samtökin telja í eðli sínu ranga og jaðri við valdnyðslu. Í ljósi þess að meðal sparnaður í þessu formi er um 3,0m kr. er verið að heimila að allur áunninn séreignarlífeyrir verði tekin út á næsta ári til að bæta stöðu

fjármálafyrirtækja og opinberra sjóða, þar sem launatekjur duga ekki fyrir mánaðarlegum útgjöldum, opinberum álögum og afborgunum stökkbreyttra skulda. Með slíkum efnistöfum eru stjórnvöld að styðja fjármálafyrirtæki til að yfirtaka allar eigur og sjóði þegna landsins, sem er mótmælt harðlega. Þetta er þó sett fram sem val, að innheimtuaðilar geti ekki krafist úttektar sparnaðarins og að útgreiðsla hans skerði ekki bætur almannakerfisins, sem telst allt jákvætt. Í ljósi þess hve stór hluti heimila er í alvarlegri fjárhagsstöðu má ætla að hér sé verði að búa til verulegt hagrænt og félagslegt vandamál til framtíðar, þar sem stór hluti þjóðarinnar mun lifa við fátæktarmörk, en annar mun minni í vellistingum. Varað er við slíkri skammsýni og hvatt til heildræns mats á allar grunnstoðir, þar sem áhrif eru metin til lengri tíma en næsta fjárlagaárs.

Hvers vegna er þetta gert svona? Þetta leggur ríki og sveitarfélögum til auknar tekjur. En fólk í landinu er þarna að taka út lífeyrissparnað sinn til að mæta og ráða við mánaðarlega framfærslu og reyna að standa skil á hækkuðum álögum og stökkbreyttum lánum, meðal annars til lífeyrissjóðanna. Um leið taka opinberir aðilar umtalsverðan hluta þessa fjár til sín, í formi skatta og útsvars, vegna skuldaaukningar sem kom til vegna aukinna opinberra skulda vegna hrunsins, minni neyslu- og fjárfestingatekna vegna hrunsins, sem mun leiða til enn minni neyslu og fjárfestinga vegna þungra áлага. Þessir reikningar ganga ekki upp. Hvað tekur við þegar þessir sjóðir verða tæmdir og skuldir standa eftir óbreyttar?

Samtökin leggja til að þessi gengdarlausu og ótímabæra útgreiðsla séreignarsparnaðar sé nú þegar aflögð og leggja í staðinn til að athugað sé með skattlagningu inngreiðslna í lífeyrissjóði og þannig fengnar nauðsynlegar skatttekjur til samneyslunnar og velferðarkerfisins, í stað þess að ganga á lögvarða persónulega sjóði þegnanna.

Nefna má að í sjóðum lífeyrissjóða eru innifaldir umtalsverðir skattpeningar. Sem í mörgum tilvikum sitja eftir í sjóðunum ef lífeyrisþegar falla frá fyrir lífeyristöku eða rétt eftir að hún er hafin. Verði valið að skattleggja inngreiðslur, þá væri eðlilegt að hreinsa skattþeningana út úr lífeyrissjóðunum, til dæmis þannig að þessar fjárhæðir væru fundnar út og sjóðirnir gæfu út skuldabréf til ríkisins, til dæmis til 25 ára. Þar með þyrfti ekki að leggja tekjuskatt á útgreiðslur þegar kæmi að útgreiðslum til þeirra sem greitt hefðu skatta af inngreiðslum í lífeyrissjóði. Þess utan mætti spara mikið og auka réttindi eða draga úr skerðingu réttinda með því að sameina lífeyrissjóðina og jafna réttindi almennra og opinberra starfsmanna.

Fjármagnstekjuskattur, samtökin benda á hættuleg skilaboð þess að hækkun fjármagnstekjuskatts leiði til of lítills sparnaðar. Í ljósi stöðunnar þarf ungt fólk í mun ríkari mæli að huga tímanlega að uppbyggingu valfrjáls sparnaðar til eiginfjarframlags til fasteignakaupa síðar. Þar ætti ríkið að horfa til Noregs á BSU sparnaðarkerfið, til að undirbúa þau tímamót, sem eru með skattaívilun vegna árlegs sparnaðar upp að vissu hámarki. Líta ætti á þessa hækkun sem tímabundna.

Erfðafjárskattur, fyrirhuguð hækkun úr 5% í 10% (100% hækkun). Þessu er mótmælt harðlega, þó svo skattlaus erfðafjárhæð sé hækkuð úr 1,0 í 1,5 milljónir króna (50% hækkun skattleysismarkna). Samfélagið er ungt og margar fjölskyldur eru að upplifa fyrstu erfðir, þó þeim muni fjölga héðan í frá. Ríkið seilist æ lengra í eigur borgaranna en á í raun ekkert tilkall til þessara eigna, sem að jafnaði er þess utan búið að greiða ýmsa skatta margoft af áður, svo sem tekjuskatt, virðisaukaskatt, eignaskatt, fasteignaskatt og fjármagnstekjuskatt. Þetta er gróf aðför að þeim audi sem erfist milli kynslóða.

Ef hækkun erfðafjárskatts telst samt nauðsynleg er lagt til að skattlagningunni verði breytt. Skattlagningin verði í þrepum eftir fjárhæðum, til eignajöfnunar í samfélaginu, þar sem minnstu erfðir yrðu skattfrjálsar, til dæmis upp að 4 milljónum króna og meðal erfðir að fjárhæð 4-12 milljónir króna við óbreyttan skatt (5%). Þá mætti hugsa sér 10% erfðafjárskatt af hærri erfðum, frá 12 milljónum króna. Fjárhæðir miðist við hvern erfingja eða erfðahlut.

Við breytingar á skattamálum, ekki síst í núverandi ástandi, þarf að hugsa um að allar stoðir samfélagsins – heimili, fyrirtæki, fjármálafyrirtæki og hið opinbera (ríki og sveitarfélög) geti komist í gegnum núverandi þrengingar. Engin getur án annarar verið og of háar álögur á heimili og fyrirtæki geta til lengri tíma leitt til hruns hagkerfisins. Það eru heimilin og fyrirtækin sem þurfa að skapa veltu og

tekjur til að endurreisa hagkerfið, þannig að veð og eignir fjármálafyrirtækja styrkist og tekjustofnar hins opinbera aukist. Óvíst er hvort hækkun á neyslusköttum skili auknum tekjum til ríkisins, en þær munu að óbreyttu veða að ráðstöfunartekjum heimila og fyrirtækja og hækka enn frekar bókfærðar verðtryggðar skuldir, sem minnka getuna til að stuðla að viðsnúningi. Þó er viðurkennt að nota verður skattkerfið til tímabundinna aukinna tekna, aukins jöfnuðar og skýrra skilaboða um skattalegar áherslur. Því er almennt varað við frekari hækkunum skatta og hvatt til annarrar nálgunar, td. leiðréttingar á stökkbreyttum skuldum heimilanna og að ráðist verði í viðtækar endurbætur á lánakerfinu, þar sem lífeyrissjóðakerfið verði tekið til gagnerrar endurskoðunar.

Á það er bent að sambland verðtryggingar, of hárrar raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna miðað við meðalhagvöxt, of há núvirðingarviðmið framreiknaðra lífeyrisréttinda, ríkisábyrgð á lánmarksraunávöxtun lífeyrisréttinda opinberra starfsmanna og veruleg þáttaka ríkisins í almanna tryggingarkerfinu vegna ófullnægjandi framfærslu á áunnum lífeyri, leiðir til mun hærri fjármagnskostnaðar en hagkerfið stendur undir, eykur stöðugt skuldir heimila og fyrirtækja og hækkar þörf fyrir opinberar álögur, sem skekkir stöðugt rekstrargrundvöll heimila og samkeppnisgrundvöll fyrirtækja. Þetta kerfi hefur leitt til verulegrar rýrnunar gjaldmiðilsins og svo til fullkominnar höfnunar fyrirtækja og opinberra aðila á innlendum lánskjörum (70% allra skulda fyrirtækja og opinberra aðila voru erlendar eða gengistryggðar haustið 2008). Þetta kerfi virðist ekki geta gengið upp og er líklega að setja hagkerfið á hliðina. Endurskoðun þess kallar á viðtæka endurskoðun skattkerfisins í kjölfarið.


Lokaorð:

Samtökin kalla eftir skýrri fjölskylduvænni skattastefnu frá stjórnvöldum, velferðarstefnu, sem bera mætti saman við velferðarskattastefnu Norðurlanda. Þar kemur fram í skattastefnu að óskað sé eftir að þór gifti sig, eignist börn, mennti sig, leggi fyrir sparnað til íbúðarkaupna, fjárfesti í fasteignum og fleira, sem tengt er afslætti af tekjuskatti og þar með slegið á svarta hagkerfið. Hér virðast formerkin því miður í mörgum tilfellum leiða til öfugra áhrifa, bæði refsinga á fjárfestingu í hagkerfinu, undanskota og styrkingu svarta hagkerfisins.

Samtökin telja að endurskoða þurfi lífeyrissjóðakerfið í heild og afnema verðtryggingu. Þessir þættir hafa mikið með opinberar skuldbindingar að gera og þar með skatta,.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson, ritari